

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti PRJ 203 Kennsluáætlun Vorönn 2015	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Halldóra Björg Sævarsdóttir (HBS) dorabjorg@vma.is
Viðtalstími	Þriðjudaga 10:50-11:20

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn tækifæri til að þróa sínar eigin þrjóna- og heklaðferðir út frá sínum hugmyndum og áhugasviði. Farið verður í gegnum ferlið frá hugmynd, skissu til prufu og tilraunar að fullkláruðu stykki. Auk þessa verður farið yfir hvernig nemendur setja tilraunir sínar fram og ganga frá fullbúinni uppskrift. Mikil áhersla verður lögð á prufugerð, skissuvinnu og sjálfstæðar tilraunir.

Markmiðið er að nemandi:

- þjálfist í að koma hugmyndum sínum af blaði yfir í efni
- kynnist þróunarferli þrjónahönnunar
- öðlist færni í að vinna með mismunandi þráðgerðir
- geti nýtt kunnáttu sína í þrjóni og hekli til sjálfstæðrar vinnu
- geti sett þrjóna- og hekluppskriftir fram á skipulagðan hátt

Námsgögn:

Veraldarvefurinn (Pinterest). Ljósrit, tímarit, og bækur munu liggja frami í tímum. Skissubók/mappa/kassi til að geyma og halda utan um skissur, tilraunir og prufur. Ef nemendur eiga þrjóna, heklunálar ofl. áhöld sem geta nýst þeim í áfanganum er mikilvægt að þeir komi með þau í tímana. Garn í prufur fá nemendur á staðnum en ef nemendur vilja nota eitthvað mjög sértækt í sinni prufuvinnu þurfa þeir að útvega það sjálfir. Auk þess er gert ráð fyrir því að nemendur leggi sjálfir til garn í önnur verkefni sem unnin verða í áfanganum. Athugið að gott er að hafa prufumöppu úr PRJ 103 við höndina í áfanganum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti PRJ 203 Kennsluáætlun Vorönn 2015	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:

VIKUR	VERKEFNI	Í MÖPPU/KASSA
2 - 7	<i>Prufuvinna</i> <i>Prjóna-, hekl- og prjóna+hekl bland.</i> Nemendur vinna skissur og gera tilraunir með prjóna- og heklaðferðir, þráðagerð og munsturteikningu. Nemendur vinna skissur og gera tilraunir.	5 mismunandi og mjög ólíkar prjónaprufur, 5 mismunandi og mjög ólíkar heklprufur og 5 mismunandi og mjög ólíkar prufur þar sem prjóni og hekli er blandað saman. Glósur með hverri prufu; Aðferð, efni o.s.frv. Skissur, myndir og teikningar sem styðja hverja prufu fyrir sig.
8-11	<i>Vettlingamunstur</i> <i>-Teikning hittir vettling.</i> Nemendur vinna skrautmunstur á vettlinga. Þema vinnunnar verður - Teikning hittir vettling.	Vettlingapar. Munsturteikning og prjónaleiðbeiningar, vel og skipulega fram settar. Skissur, myndir, teikningar sem sýna fram á þróunarferli og hugmyndavinnu.
12-14	<i>Frjáls fylgihlutur/Teppi.</i> Nemendur vinna fylgihlut eða teppi út frá eigin hugmyndum, skissum og áhugasviði. Nemendur þróa eigið munstur og snið út frá hugmyndavinnu.	Fylgihlutur/barnateppi. Munsturteikning og mynd af fullkláruðu stykki. Ýtarlegar útskýringar á aðferð sem notuð var, garntegund, prjónfestu, prjónastærð o.s.frv. Skissur, myndir, teikningar sem sýna fram á þróunarferli og hugmyndavinnu.
15-17	Nemendur vinna áfram að frjálsum fylgihlut eða barnateppi Kynning á vélprjóni	Fjórar prufur
18	<i>Frágangur.</i> Nemendur ganga frá öllum verkefnum og fylgigögnum í möppu/kassa. Upphengi vegna opins kvöld. 29.apríl	Öll verkefni annarinnar auk fylgigagna.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti PRJ 203 Kennsluáætlun Vorönn 2015	
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Vægi einstakra þátta er sem hér segir:

Áfanginn er próflaus og þess vegna er 100% mætingaskilda. Nemendur skulu safna öllum prufum auk skissa, minnispunkta og sjálfstæðra tilrauna í eina möppu/kassa og skila, vel frá gengnu, í lok annarinnar.	- Prufur	30%
	- Vettlingapar	30%
	- Fylgihlutur/Teppi	30%
	- Skilamappa/-kassi	5%
	- Mæting, ástundun og vinnusemi	5%

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils